

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 24. október 2018
UST201810-179/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Borgarfjarðarvegur nr. 94. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. október sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbætur á 4,8 km löngum kafla á Borgarfjarðarvegi í Njarðvíkurskriðum. Fylgt verður núverandi vegi nema þar sem ætlunin er að lagfæra planlegu vegarins. Efnisþörf er áætluð 112.000 m³ og mun efnið koma að miklu leyti úr skeringum en það sem uppá vantar verður tekið úr námum sem áður hafa verið nýttar og úr bergskeringu við veginn.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar verði áhrif á landslag vegna aukinna skeringa. Hins vegar ber að líta til þess að þarna er verið að auka skeringar sem þegar eru til staðar. Umhverfisstofnun telur að unnt eigi að vera að draga nokkuð úr þessum áhrifum í Njarðvíkurskriðum með því að forðast að mynda „skápa“ í hlíðina og sama á við um bergskeringu sem ætti að reyna að vinna í samfellu alla skeringuna í stað þess að vinna skeringuna mis djúpt eins og sjá má á mynd 4.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur